

Miðvikudaginn 15. febrúar 1950.

Nr. 77/1949. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Albert Devos (Theódór B. Líndal).

**Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað
hrd. Jónatans Hallvarðssonar og
hrd. Þórðar Eyjólfssonar.**

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Lúðvík Ingvarsson, sýslumaður í Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskeysins samkvæmt mælingum 1. stýrimanns þess, er það hafði numið staðar hjá togaranum Van der Weyden O 293 kl. 10.45 umræddan dag. Reyndist staðurinn vera 1.3 sjómílar innan landhelgislínu. Þar eð þá var nýlokið við að draga inn vörpu togarans, er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum í landhelgi. Hefur hann því gerzt sekur við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að íslensk króna jafngildir nú 23.594 aurum gulls, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 42500 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 900 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Albert Devos, greiði 42500 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Tómasar Jónssonar og Theodórs B. Línals, kr. 900 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Suður-Múlasýslu 3. marz 1949.

Mál þetta er höfðað gegn kærða fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924.

Kærður er Albert Devos, skipstjóri á botnvörpunum Van der Weyden O 293 frá Ostende í Belgíu. Hann kveðst fæddur 13/9 1914 í Ostende. Hann hefur ekki áður, svo að vitað sé, orðið brotlegur við íslensk lög.

Í fyrramorgun sigldi varðskipið Óðinn fram hjá Ingólfshöfða á austurleið. Sást þá skip að veiðum nærri landi. Kl. 10.30 var gerð staðarákvörðun á varðskipinu: Lómagnúpur $\neq$ Salthöfða og $>$ til Ingólfshöfða $46^{\circ} 00'$. Skipið, sem var að veiðum, miðaðist þá hér um bil í m/v NA $\frac{1}{2}$ N, og hlýtur það samkvæmt því að hafa verið innan landhelgi. Sigldi varðskipið í áttina til þessa skips. Sást, að það var að draga inn vörpu. Að skipinu var skotið einu aðvörunarskoti, og stöðvaði það þá ferð. Kl. 10.45 var komið að skipinu, sem reyndist vera togarinn Van der Weyden O 293 frá Ostende. Varpa skipsins var komin á þilfar, hlerar í gálum utan borðs og lifandi fiskur á þilfari. Er komið var að togaranum, var gerð staðarákvörðun um borð í varðskipinu.

Ingólfshöfði

$> 35^{\circ} 36'$

Salthöfði

$> 93^{\circ} 10'$

Rákartindur

Dýpi 35 metrar.

Samkvæmt þessu hefur skipið verið 1.3 sjómílur innan við landhelgislinu. Engu dufla var varpað út, er togarinn var tekinn, veður var þá bjart, skyggni mjög gott, NA gola, dálítil alda. Tveir menn voru settir um borð í togarann. Var síðan haldið til Eskifjarðar og komið þangað í gær kl. 3.20 f. h.

Kærði hefur hvorki viljað játa né neita, að skip hans hafi verið innan landhelgi, er það var tekið, en hefur játað, að hafa verið að veiðum. Kveðst hann hafa gert staðarákvörðun, er skip hans var tekið, með því að rétta út hönd í átt til kennileita og miða áttir við áttavita í stýrishúsi.

Staðarákvörðun hans er þessi: Ingólfshöfði V $\frac{1}{4}$ S, Tvísker NA til A $\frac{3}{4}$ A. Dýpi 39 enskir faðmar. Ef staðarákvörðun þessi væri rétt, hefði togarinn verið utan landhelgislínu, er hann var tekinn. Kærði hefur sagt, að frá tökustaðnum hafi verið siglt í stefnu NA til A. Er siglt hafi verið 7.6 enskar mílur, hafi Tvísker verið þvert á stjórnborða.

Við staðarákvarðanir varðsupsins, sem um getur að framan, voru Garðar Pálsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, og Eyjólfur Hafstein, skytta, sem lokið hefur farmannaprófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Hafa þeir verið leiddir sem vitni í máli þessu og staðfest framburð sinn með eiði, þar á meðal að staðarákvarðanir þeirra væru nákvæmar og réttar. Hafa þeir borið, að Tvísker hafi ekki sézt frá þeim stað, er togarinn var tekinn.

Eftir því, sem nú hefur verið rakið, verður rétturinn að leggja staðarákvarðanir varðsupsins til grundvallar í málinu. Samkvæmt því verður að telja sannað, að kærði hafi gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924.

Refsing kærða þykir með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag hæfilega ákveðin kr. 29500 í sekt. Sektin renni til Landhelgisjóðs Íslands. Verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, afplánist hún með varðhaldi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Van der Weyden O 293 skal upptækt gert til sama sjóðs. Kærði greiði allan sakarkostnað.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Albert Devos, greiði 29500 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum Van der Weyden, skal upptækt til sama sjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.